



Alþingi
B.t. Allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 25. október 2023

Tilvísun: 2310077/0.7.6

Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um tillögu til þingsályktunar um fasta starfstöð þyrlu Landhelgisgæslu Íslands á Akureyri.

Visað er til erindis frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis dags. 19. október 2023 þar sem óskað er eftir umsögn Landhelgisgæslu Íslands um tillögu til þingsályktunar um fasta starfstöð þyrlu stofnunarinnar á Akureyri, 327. mál, þingskjal 334.

Landhelgisgæsla Íslands telur að fóst starfstöð björgunarþyrlu á Akureyri yrði stórt framfararskref í viðbragðs, öryggis, eftirlits- og björgunarmálum þjóðarinnar. Með því myndi neyðar-, sjúkraflutnings-, og viðbragðsgeta við íbúa Vestfjarða, Norður- og Austurlands og sjómenn stórauðast. Einnig mun þjónusta við ferðamenn á hálendinu batna til muna. Í kynningu sem Landhelgisgæslan lagði fyrir starfshóp sem skipaður var um sjúkraflug á Íslandi kom fram að fjölga þyrfti þyrluáhöfnum úr sex í sjö og styrkja viðhaldsgetu svo unnt væri að staðsetja þyrlu á landsbyggðinni yfir 90% ársins. Með slíkri ráðstöfun myndi viðbragðsgeta þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar á landsvísu stórbætast auk þess sem lágmarksviðbragðsgetu sem miðað er við í Landhelgisgæsluáætlun yrði náð.

Til að þyrlusveit Landhelgisgæslunnar geti haft fasta starfsstöð á Akureyri þarf að tryggja að stofnunin hafi aðstöðu fyrir þyrluna og þyrlusveitina á Akureyrarflugvelli. Þá þyrfti að kanna hvort unnt sé að nýta þjónustu og sérfræðiþekkingu á Norðurlandi við uppbyggingu starfseminnar á Akureyri. Landhelgisgæslan bendir á að mikilvægt er að kanna hvort hægt sé að fá lækna á Norðurlandi til að annast útköll með þyrlusveitinni eða hvort skoða þurfi aðrar leiðir. Núverandi lækna þyrlusveitarinnar eru starfsmenn Landspítalans í Reykjavík og í dag er fyrirkomulagið þannig að einungis er læknir á annarri þyrluvaktinni hverju sinni. Landhelgisgæslan telur að árlegur kostnaður getur numið á bilinu 500-700 milljónir króna, að sjöundu áhöfn meðtalinni. Þá þarf að kanna hvaða áhrif kjarasamningar hafa á kostnaðinn.

Landhelgisgæslan telur ákjósanlegast í núverandi rekstrarumhverfi að önnur af tveimur þyrluvöktum hverju sinni væri staðsett á Akureyri. Fyrst um sinn yrði umfangsmeira viðhald framkvæmt í Reykjavík og þyrlunum og


áhöfnum flogið reglulega á milli Akureyrar og Reykjavíkur vegna viðhalds og áhafnaskipta. Þetta fyrirkomulag þekkist til dæmis í Noregi og hefur gefist vel.

Landhelgisgæslan leggur til að byrjað verði á árs tilraunaverkefni eftir að búið er að fjármagna og þjálfu upp 7. þyrluáhöfn og koma upp aðstöðu á Akureyri. Þannig er hægt að sjá hver ávinningurinn af slíkri ráðstöfun yrði auk þess sem slík tilraun gæfi glögga mynd af raunkostnaði verkefnisins.

Stjórnendur Landhelgisgæslunnar eru sannfærðir um að fóst viðvera þyrlusveitarinnar á Akureyri yrði bylting í björgunar-, sjúkraflugs og eftirlitsgetu stofnunarinnar. Með slíku fyrirkomulagi væri unnt að ná til allra landshluta með þyrlu á innan við 90 mínútum á hefðbundnum degi auk þess sem björgunarviðbragð á norður-, austurmiðum og hálendinu myndi styrkjast verulega.

Landhelgisgæslan er reiðubúin að veita allar frekari upplýsingar sem nefndin kann að óska eftir og mæta á fund nefndarinnar til að gera frekar grein fyrir umsögn þessari.

Virðingarfyllst,



Georg Kr. Lárusson
Forstjóri